




Til: Borgarráðs

### ***Listahátíð í Reykjavík yfirtaki Iðnó í sumar***

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar hefur óskað eftir því að Listahátíð í Reykjavík yfirtaki Iðnó í sumar en fyrrum rekstraraðili skilaði nýverið, sem kunnugt er, húsnæðinu til borgarinnar eftir gjaldþrot. Tilgangurinn er að halda lífi í þessu sögufræga menningarhúsi næstu mánuði eða þar til ákveðið verður hvernig ráðstafa eigi því til frambúðar.

Með yfirtöku á húsinu getur Listahátíð í Reykjavík nýtt Iðnó undir Klúbb Listahátíðar sem og aðra viðburði hátíðarinnar í sumar. Sú útfærsla styður einnig við það markmið borgarinnar að gæða miðborgina enn meira lífi næstu mánuði undir heitinu Sumarborgin 2020. Jafnframt getur Listahátíð heimilað öðrum menningarviðburðum aðgengi að húsnæðinu svo framarlega sem þeir verða aðgengilegir almenningi.

Ekki er gert ráð fyrir því að Listahátíð í Reykjavík greiði fyrir afnotin og mun Menningar- og ferðamálasvið leggja til starfskrafta til að mæta viðbótar verkefnum vegna þessa í gegnum vinnumarkaðsúrræði borgarinnar.



Arna Schram sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269- 7609, annars vegar og Listahátíð í Reykjavík 490970-0299 hins vegar gera með sér eftirfarandi

### **Samstarfssamning um umsjón lðnó 1.6.-31.8.2020**

#### **1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar**

Markmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að:

- lðnó verði opin og lifandi miðstöð menningarstarfs sem laði að sér breiðan hóp gesta sumarið 2020.
- starfsemin sé liður í að efla og kynna miðborgina sem sjálfstæðan áfangastað í takt við verkefnið Sumarborgin 2020.
- að Listahátíð í Reykjavík geti nýtt lðnó að fullnustu undir Klúbb Listahátíðar, sem og fyrir aðra viðburði hátíðarinnar sumarið 2020.
- að aðrir menningarviðburðir geti átt sér stað í lðnó, þegar það hentar dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

#### **2. gr. Starfsemi og markmið Listahátíðar í Reykjavík**

Listahátíð í Reykjavík hefur sökum Covid-19 þurft að gjörbreyta fyrirkomulagi hátíðarinnar árið 2020 og munu viðburðir Listahátíðar fara fram yfir marga mánuði. Klúbbur Listahátíðar, sem átti að eiga heimili í lðnó, verður því starfræktur í allt sumar, með töluvert breyttu sniði, en áætlað var í fyrstu. Meðal viðburða Listahátíðar í lðnó í sumar eru:

- Sérstæða
- Dragsúgur – yfirtaka
- Wesele!
- Isle of Games
- Post Dreifing
- Reykjavík Ensemble
- Döff uppistand

lðnó getur einnig verið vettvangur annarra menningarviðburða sem aðrir en Listahátíð skipuleggja, ef slíkir viðburðir rekast ekki á við viðburði Listahátíðar og henta húsinu og starfsemi þess og eru opnir almenningi.

### **3. gr. Ábyrgð**

Listahátíð greiðir ekki leigu, en ber ábyrgð á viðburðahaldi í lðnó og að húsinu sé skilað í því ástandi sem það var afhent að loknum gildistíma þessa samnings, hvort sem viðburðirnir eru á vegum Listahátíðar eða annarra.

Reykjavíkurborg greiðir rekstrargjöld svo sem rafmagn, hita og sorpgjöld. Ef stofnað er til annarra útgjalda vegna viðburða, skulu forráðamenn þeirra greiða þau útgjöld.

### **4. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telji Listahátíð í Reykjavík hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að rifta samningnum tafarlaust.

### **5. gr. Gildistími**

Samstarfssamningurinn tekur gildi 1. júní 2020 og gildir í 3 mánuði, eða til 31. ágúst 2020.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

### **8. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála**

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

Reykjavík, 2020.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Listahátíðar í Reykjavík

---

---

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift: